

MUNNTÓBAK Á MEÐGÖNGU

Ekki er þekkt hversu margar konur á Íslandi neyta munntóbaks á meðgöngu. Á Norðurlöndum hafa reykingar farið minnkandi en notkun munntóbaks aukist.

Rétt er að kanna í fyrsta viðtali hvort kona neyti munntóbaks og upplýsa hana um mögulegar afleiðingar af notkun þess og leiðir til að hætta tóbaksnotkun.

ALMENNT:

Áhrif reykinga á meðgöngu eru vel þekkt. Reykingar auka hættu á m.a. vaxtarseinkun, fyrirburafæðingu, fylgjuþosi og fósturdauða.

Ekki er fullljóst hvaða efni eru mestir skaðvaldar, en í reyk eru t.d. nikótín og kolmonoxid. Í munntóbaki eru ekki öll sömu efni og í reyk, en nikótín magn í blóði verður almennt hærra en við reykingar. Nikótín fer auðveldlega yfir til fósturs og er um 15% hærra styrkleiki nikótíns í fósturblóði en móðurblóði.

Hjá konum hefur verið sýnt fram á breytt blóðflæði bæði í arteria uterina og arteria umbilicalis í tengslum við nikótínnotkun.

Ekki eru til jafnmargar rannsóknir á áhrifum munntóbaks á meðgöngu og til eru um reykingar en þær sem til eru benda til skaðsemi munntóbaks og er því rétt að vara við því eins og reykingum.

RÁÐLEGGINGAR:

Rétt er að upplýsa konur sem reykja á meðgöngu að munntóbak er ekki valkostur í stað reykinga og hvetja konur sem nota munntóbak til að hætta notkun þess.